



### **143. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 17. nóvember 2014 í Náttúrufræðistofnun Íslands í Garðabæ**

**Mætt:** Halla Steinólfsdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir, Trausti Baldursson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Erla Friðriksdóttir og Eiríkur Snæbjörnsson.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

#### **Saga Breiðafjarðar og menningartengd ferðaþjónusta**

Sverrir Jakobsson og Tryggvi Dór Gíslason kynntu MA-verkefni Tryggva í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands, „*Miðstöðvar og mangarar í Breiðafirði*“. Verkefnið er tillaga að hönnun, handriti og framkvæmd skiltasýningar um sögu verslunar og valda í Breiðafirði og er hluti af stærra rannsóknarverkefni Háskóla Íslands, „*Sögu Breiðafjarðar*“. Breiðafjarðarnefnd þakkar Sverri og Tryggva Dór fyrir kynninguna.

#### **Fundargerð 142. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

#### **Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2013**

Starfsskýrslan var samþykkt með áorðnum breytingum.

#### **Verndaráætlun Breiðafjarðar**

Halla, Guðríður og Trausti kynntu ráðherra áætlunina 3. nóvember. Skýrslan bíður enn eftir staðfestingu ráðherra. Nefndin ræddi næstu skref varðandi verndaráætlunina. M.a. var rætt um:

- Nánari afmörkun verndarsvæðisins
- Svæðisskipulag – svæðaskipting
- Bækling um umgengnisreglur um verndarsvæðið – á sjó og á landi
- Jarða- og húsaskrá
- Bækling í tengslum við skýrsluna „*Miðstöðvar og mangarar í Breiðafirði*“
- Átak í rannsóknum um náttúrufer og menningarminjar
- Stöðu örnefnaskráningar
- Bækling um hlunnindanyttjar á Breiðafirði

### **Siglingar á Breiðafirði**

Lagt var fram afrit af bréfum frá Ocean Safari ehf. og Umhverfisstofnunar um siglingar nær arnarheiðri en 500 m.

### **Önnur mál**

Nefndin ræddi um möguleika á notkun fjarfundarbúnaðar fyrir afgreiðslu mála.

Breiðafjarðarnefnd þakkar Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir afnot af fundarsal og veitingar.

**Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 13:35. Næsti fundur verður haldinn 8. desember 2014.**